

3.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 12.febrúar 2026. Fundurinn verður haldinn á Teams og hefst kl. 14:00.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1, Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins:

1. Skipun samstarfsnefndar um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps, síðari umræða.
2. Íbúakosningar um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps.
3. Skipun sameiginlegrar kjörstjórnar við íbúakosningar um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps.
4. Skipun undirkjörstjórnar við íbúakosningu um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps.
5. Atkvæðaseðill til afnota við íbúakosningu um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps.

1. **Skipun samstarfsnefndar um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps, síðari umræða.** Á 2.fundi hreppsnefndar Árneshrepps þ. 4.febrúar sl. samþykkti hreppsnefnd að hefja sameiningarviðræður við Kaldrananeshrepp samkvæmt 119.gr. Sveitarstjórnarlaga. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn að skipa Arinbjörn Bernharðsson, Delphine Briois og Evu Sigurbjörnsdóttur í samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna og Sólveigu Rögnvaldsdóttur til vara. Sveitarstjórn staðfestir hér með ákvörðun sína frá 2.fundi sínum þann 4.febrúar 2026.
2. **Íbúakosningar um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps.** Lögð er fram tillaga verkefnisstjórnar um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshr., um að íbúakosningar um sameiningu skuli fara fram dagana 14. – 28.mars 2026. Afgreiðsla; Sveitarstjórn Árneshrepps samþykkir fyrir sitt leyti að kosningar um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps skuli fara fram 14.- 28.mars 2026 og felur samstarfsnefnd að miða við það kosningatímabil í störfum sínum. Jafnframt felur hreppsnefnd samstarfsnefnd að undirbúa og kynna íbúum sveitarfélaganna þá tillögu sem greiða skal atkvæði um og helstu forsendur hennar sbr. 4.mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarstjórn felur oddviti í samráði við oddviti Kaldrananeshrepps að tilkynna Þjóðskrá Íslands um boðaða atkvæðagreiðslu innan tilskilins frests og óska eftir því við Þjóðskrá Íslands að opnað verði fyrir uppflettingar í kjörskrá á vef Þjóðskrár Íslands í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar og á meðan hún fer fram.

Sveitarstjórn Árneshrepps samþykkir að opnunartími verði í Félagsheimilinu í Árneshreppi laugardaginn 14.mars n.k. frá kl. 12:00 – 14:00, og laugardaginn 28.mars frá kl. 12:00 – 16:00 og á reglulegum opnunartíma á skrifstofu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að kosningaaldur í íbúakosningunum skuli miðast við 16 ár sbr. 3.mgr. 133.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samþykkt einróma.

3. **Skipun sameiginlegrar kjörstjórnar við íbúakosningar um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps.** Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um að íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023 skulu sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem kosningar um sameiningu varða skipa sameiginlega kjörstjórn sem ber ábyrgð á stjórnslu og framkvæmd íbúakosninga. Lagt er til að sveitarstjórn Kaldrananeshrepps skipi tvo fulltrúa í sameiginlega kjörstjórn og tvo til vara og að sveitarstjórn Árneshrepps skipi einn fulltrúa og einn til vara. Bókun hreppsnefndar; Sveitarstjórn Árneshrepps samþykkir ofangreinda tillögu og skipar Guðlaug Ingólf Benediktsson til setu í sameiginlegri kjörstjórn fyrir sína hönd og Þórólf Guðfinnsson, til vara. Samþykkt einróma.
4. **Skipun undirkjörstjórnar við íbúakosningu um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps.** Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga er sveitarstjórnnum heimilt að skipa undirkjörstjórn og fela henni verkefni samkvæmt a-, c- og d-lið 3.mgr. 5. gr. Lagt er til að sveitarstjórn nýti þessa heimild og feli kjörstjórn sveitarfélagsins hlutverk undirkjörstjórnar vegna íbúakosninga um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps sem fram fara 14. til 28. mars nk. Bókun: Sveitarstjórn samþykkir að fela kjörstjórn sveitarfélagsins hlutverk undirkjörstjórnar vegna íbúakosninga um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps sem fram fara 14. til 28. mars nk. Sveitarstjórn leggur áherslu á að sameiginleg yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnir við kosningarnar hafi með sér samráð um verkaskiptingu vegna framkvæmda kosninganna.
5. **Atkvæðaseðill til afnota við íbúakosningu um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps.**

Lögð fram tillaga að atkvæðaseðli til afnota við íbúakosningu um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps með svohljóðandi texta:

"Kjörseðill vegna íbúakosningar í Árneshreppi 14. – 28. mars 2026

Samstarfsnefnd hefur kynnt tillögu um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps í eitt sveitarfélag.

Samþykkir þú tillögu um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps?

Þeir sem samþykkja tillöguna setji merki í reitinn fyrir framan „Já“.

Þeir sem samþykkja ekki tillöguna setji merki í reitinn fyrir framan „Nei“.

Bókun: Sveitarstjórn samþykkir tillöguna fyrir sína hönd og felur sameiginlegri kjörstjórn að senda atkvæðaseðilinn til innviðaráðuneytis til staðfestingar. Samþykkt einróma.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:55